



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 353

Knattspyrnufélag Reykjavíkur - KR



Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 353

Knattspyrnufélag Reykjavíkur - KR



Knattspyrnufélag Reykjavíkur - KR er íþróttafélag í Vesturbæ Reykjavíkur. Félagið var stofnað 16. febrúar 1899 og er elsta félag sinnar tegundar á Íslandi.

Það var skömmu fyrir aldamótin 1900, að erlendur prentari, James B. Ferguson að nafni, vakti áhuga ungra manna í Reykjavík á íþrótt sem var kölluð fótbolti. Margir ungir menn tóku að iðka þessa íþrótt og var Fótboltafélag Reykjavíkur (F.R.) stofnað með það að leiðarljósi, að búa til aðstöðu fyrir unga drengi til að spila fótbolta. Starfsemi félagsins var ekki sérlega öflug fyrstu árin, og skipulögð stjórn var lítil í fyrstu, en einn maður Þorsteinn Jónsson, bar þó höfuð og herðar yfir aðra menn í starfi Fótboltafélagsins fyrstu árin og sá um að boða til æfinga og panta bolta. Vakningarfundur var haldinn 1910 og var þá kosin fyrsta formlega stjórn F.R. og var Þorsteinn kosinn formaður. F.R. var eina knattspyrnufélagið til ársins 1908, en þá voru knattspyrnufélögin Víkingur og Fram stofnuð. Knattspyrnufélagið Valur var stofnað þremur árum síðar, árið 1911. Með þessu eignaðist KR verðuga andstæðinga sem þeir hafa átt allar götur síðan.

Nafni félagsins er breytt 1915 í Knattspyrnufélag Reykjavíkur. Árin 1923-1958 var skipulega unnið að uppbyggingu félagsins á sviði annarra íþróttagreina eins og glímu, fimleikum, skíða, hnefaleikum, sundi og tennis og KR- blaðið kom fyrst út árið 1932.

Talið er að hnefaleikar hafi fyrst verið stundaðir meðal KR- inga í kringum 1920, þó að íþróttin hafi ekki náð vinsældum fyrr en mörgum árum seinna.

Sunddeild KR var stofnuð í maí 1923.

Upphaf fimleikaæfinga má rekja til fimleikæfingar í leikfimisal Barnaskóla Reykjavíkur 8. nóvember 1923. Á annað hundrað manns mættu á þessar fyrstu æfingar og var ljóst að íþróttin átti eftir að verða gífurlega vinsæl.

Glímuæfingar hjá KR hófust af fullum krafti 1924-1925 og er glímudeild KR enn starfrækt.

Skipulögð skíðaiðkun KR- inga hófst með stofnun ferðanefndar árið 1934 og að frumkvæði stjórnar fóru félagar, bæði karlar og konur, að æfa reglulega og keppa fyrir hönd félagsins. Skíðadeild KR var formlega stofnuð 1936 og tók hún þá við starfi ferðanefndar og aðalstjórnar. Fyrsta stórátakið var bygging skíðaskála í Skálafelli haustið 1936. Undir forystu Björns Þórðarsonar og Stefáns Gíslasonar (sem Stefánsmótið er kennt við) var skíðaskálinn byggður samkvæmt teikningu Gísla Halldórssonar. Myndaðist þar harður og fjölmennur kjarni, allt að hundrað einstaklingar, sem héldu hópinn og lögðu grunn að skíðaíþróttinni hjá KR.

Badmintondeild KR var stofnuð árið 1963. Óskar Guðmundsson var formaður deildarinnar frá stofnun til ársins 2002. Óskarsmótið er haldið til minningar um hann.

Borðtennisdeild KR er ein elsta borðtennisdeild landsins, stofnuð sumarið 1969. Það voru þeir Sveinn Áki Lúðvíksson og Pétur Ingimundarson sem voru helstu hvatamenn að stofnun deildarinnar. Sveinn Áki var fyrsti formaður og skipaði deildin sér strax í fremstu röð íþróttagreinarinnar á Íslandi.

Píluvinafélag KR var stofnað að frumkvæði Heimis Guðjónssonar markvarðar árið 1987, þegar hann gaf píluspjald í KR heimilið. Feðgarnir Þorsteinn Kristjánsson og Kristján Þorsteinsson smíðuðu skáp utan um spjaldið og þar með var grunnurinn lagður að öflugu starfi Píluvinafélagsins.

Félagssvæði KR í rúman áratug, frá 1929, var Báran hús staðsett við Reykjavíkurtjörn, þar sem Ráðhús Reykjavíkur stendur nú. Það þótti ekki stórt og þáverandi formaður KR, Kristján L. Gestsson, hafði bent á að KR þyrfti grasvöll, þjálfara og nýja félagsaðstöðu. Í mars árið 1939 var ráðist í kaup á svæði í Kaplaskjólí og færðu knattspyrnumenn félaginu það að gjöf á 40 ára afmæli félagsins. Aðstaða var þó ekki fullkomin strax á þessu svæði og þurftu íþróttamenn að æfa í fimleikasölum bæjarins en starf KR hélst þó alltaf jafn fjölbreytt þrátt fyrir þessa húsnaðiserfiðleika. Fyrstu æfingar fóru fram á KR- svæðinu árið 1943. Byrjað var á framkvæmdum við KR- svæðið af fullri alvöru árið 1948, þegar undirbúinn var völlur með hlaupabraut og lögðu knattspyrnumenn og frjálsíþróttamenn á sig mikla sjálfboðavinnu til að klára framkvæmdir fljótt. Hafið var að byggja KR- heimilið ásamt íþróttahúsi árið 1950 og var byggingu lokið 1951. Sama ár var grasvöllur KR í Kaplaskjólí vígður og nýtt félagsheimili KR var tekið í notkun 1985.

Það fór að halla undan fæti í knattspyrnadeild KR á árunum 1971-1977, en á sama tíma tókst körfuknattleiksfólki í KR vel til undir handleiðslu Einars Bollasonar og handknattleiksmönnum í KR gekk einnig allt í hagin með Alfreð Gíslason í fremstu víglínu meistaraflokks karla í handknattleik. Jón Páll Sigmarsson, íþróttamaður í KR, fór á kostum í kraftlyftingum og sigraði keppnina um sterkasta mann heims árin 1984, 1986, 1988 og 1990.
(Heimild: Heimasíða KR)

Afhending: Örn Steinsson afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjöl KR, 16. nóvember 2007. Viðbót kom 2010, 2015 og 2017.

Innihald: Fundargerðir, bréf, skýrslur, dagbók, spjaldskrá, bókhald, teikningar o.fl.

Tími: 1929-2001.

Magn: 7 öskjur.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn 1958-1990.

Fundargerðir stjórnarfundar, 8. október 1958 til 21. mars 1966.
Fundargerðir formannafundar, 6. mars 1963 til 13. nóvember 1972.
Fundargerðir formannafundar, 14. desember 1973 til 31. febrúar 1990.

Askja 2

Bréfa- og málafn 1962-1990.

Bréfa- og málafn 1962-1966.
Bréf frá 1987 og 1990.
Starfsskýrslur (sarfsárið) 30. október 1940 til 26. október 1944: Ítarlegir annálar og skýrslur um starfsemi KR tiltekið árabíl.
Dagbók, janúar 1948 til desember 1967
Höfuðbók 1949-1971.
Tímaritið Íþróttir: Tímarit um innlendar og erlendar íþróttir: Júlí 1950; janúar til mars 1951; maí 1951; júlí- ágúst 1951 og október 1951.
Skíðadeild K.R. Prógram að myndinni *Ógnarhraði*. Kvikmynd í litum frá heimsmeistarakeppninni í Aspen 1950.

Askja 3

Bréfa- og málafn, teikningar, 1944-2001.

Árbók *Íþróttamanna* 1945 og 1948.
Íþróttablaðið: Janúar til júlí 1944 og október til desember 1944; mars til apríl og september til október 1945; nóvember til desember 1946; júlí til ágúst; september til desember 1947; janúar til mars; október til desember 1948 og apríl 1950.
Félags- blað KR, afmælisútgáfa í mars 1963, 18. árgangur og janúar 1966, 19. árgangur.
Sunddeild KR 40 ára 1923- 16. apríl- 1963.
KR boltinn, 2001, 3. árg. 2. tbl.
Samstarfsverkefni KR og Íslandssíma, bréf, án árs.
Skjöldur með mynd af húsnæði KR í Kaplaskjóli.
Handknattleiksdeild KR, leikjaskrá 1. deild 1980-1981.

Teikningar af Félagsheimili KR húsinu við Frostaskjól, 1983.

Askja 4

Bókhald 1929-1936.

Veitingahúsið Báran, Vonarstræti. Sjóðbók 1929-1936 (sennilega rekið af KR).

Skráð í nóvember 2007 og janúar 2015
Guðjóni Indriðason

Askja 5

Trékassi er á stendur KR 1947-1954.

KR Skíðadeild. Spjaldskráspjöld, ógreidd félagsgjöld, 1950.
KR Skíðadeild. Spjaldskráspjöld, ógreidd félagsgjöld, 1952.
KR Skíðadeild. Spjaldskráspjöld, ógreidd félagsgjöld, 1954.
Spjaldskráspjöld yfir þá sem eru hættir í Skíðadeildinni, spjöld með nöfnum- líklega félagatal, tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands 1949-1951, bankabók frá Búnaðarbanka fyrir skíðadeild 1947-1949. Sparisjóðsávísanabók frá Búnaðarbanka Íslands 1950 o.fl.

Askja 6

Veggmynd/ plakati 1946.

Oslo Turnforening Diplom. Tildelt Knattspyrnufélag Reykjavíkur som et hedertsminne om oppvisningen og oppholdet i Oslo, 14.-18. juni 1946. Dagsett 17. júní 1946.

Skráð nóvember 2016
Gréta Björg Sörensdóttir

Askja 7

Bréfa- og málafn, bókhald 1945-1968.

Skíðafélag KR

Skjöl sem komu með skjalasafni Lionsklúbbs Reykjavíkur E-494.

Örk 1

Umslag: Merki KR.

Vegagerð ríkissjóðs. Styrkur til Skíðadeildar KR vegna vegagerðar að skíðaskála, 26. nóvember 1958.

Íþróttanefnd ríkisins. Styrkur til Knattspyrnufélags Reykjavíkur (skálinn), 2. maí 1960.

Rafragnsveita Ríkisins. Heimtaugagjald o.fl., vegna skíðaskála Skíðadeildar KR, 1961-1962.

Íþróttanefnd ríkisins. Styrkur til Knattspyrnufélags Reykjavíkur (skálinn), í mars 1963.

Samningur vegna leyfis til Skíðadeildar KR fyrir byggingu skíðaskála í Skálafelli, 1967, eitt blað- afrit.

Listi yfir úthlutun úr Íþróttasjóði, 1967.

Bréf til vegamálastjóra frá Skíðadeild KR um styrk vegna vegaframkvæmda í Skálafelli 1966- 1967 og listi yfir framkvæmdir þar, 21. febrúar 1968.

Sjóðfærslur, 1946, 1947, 1949, 1950 og án árs.

Örk 2

Bókhald, 1958-1972.

Ávísanabækur, 1956-1959, 2 bækur

Sparisjóðsbók, 1956-1957.

Tékkhefti, 1956-1974, 12 hefti.

Skíðadeild KR. Rekstrar- og efnahagsreikningur pr. 25. október 1945.

Skíðadeild KR. Rekstrar- og efnahagsreikningur pr. 30. september 1946, 2 eintök.

Skíðadeild KR. Rekstrar- og efnahagsreikningur pr. 30. september 1947.

Skíðadeild KR. Rekstrar- og efnahagsreikningur 1. október til 31. desember 1947.

Skíðadeild KR. Rekstrar- og efnahagsreikningur pr. 31. desember 1948, 2 eintök.

Skíðadeild KR. Rekstrar- og efnahagsreikningur, frá 1. janúar til 31. desember 1949.

Skíðadeild KR. Rekstrar- og efnahagsreikningur, 1. janúar til 31. desember 1951.

Skíðadeild KR. Byggingarsjóður, rekstrar- og efnahagsreikningur, 1958-1959.

Skíðadeild KR. Ársreikningur, 1964-1965.

Skráð í ágúst 2017
Gréta Björg Sörensdóttir